

Fundargerð

Fundur stjórnar Fiskeldissjóðs, 24. fundur.

08.02.2022, kl. 9:45 til 11:00

Fundarstaður: Teams

Fundarmenn: Haraldur L. Líndal, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson og Hallveig Ólafsdóttir.

1. Fundur ráðherra

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra boðaði til fundar 7. febrúar með stjórn Fiskeldissjóðs og fulltrúum sveitarfélaganna. Markmið með fundinum var að heyra sjónarmið fulltrúa sveitarfélaganna varðandi sjóðinn og ákveða framhaldið vegna úthlutunar ársins 2022. Á fundinum voru þrjú fulltrúar frá matvælaráðuneytinu: Kolbeinn Árnason, Benedikt Árnason og Hallveig Ólafsdóttir; stjórn Fiskeldissjóðs: Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson og fimm fulltrúar sveitarfélaganna: Ólafur Þór Ólafsson, Jón B Hákonarson, Rebekka Hilmarsdóttir, Jón Páll Hreinsson, Björn Ingimarsson og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar Súðavíkurrepps og Strandabyggðar svöruðu ekki fundarboði og Birgir Gunnarsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar boðaði forföll. Fulltrúar sveitarfélaganna lýstu ánægju með vinnu stjórnar sjóðsins en þó komu fram þau sjónarmið þeirra að endurskoða þyrfti lagaramma um úthlutun fjármuna til sveitarfélaga vegna fiskeldis síðar meir. Niðurstaða fundarins var að flýta ætti úthlutun fyrir árið í ár.

2. Fundargerð síðasta fundar, 2. febrúar 2022, borin upp til samþykktar. Fundargerðinni var frestað.

3. Áherslur stjórnar.

Samþykkt að áherslur stjórnar varðandi úthlutun skuli vera óbreyttar frá fyrra ári.

4. Úthlutunarreglur.

Efnislegar breytingar á úthlutunarreglum eru fjórar frá síðasta ári. Í fyrsta lagi var skert á orðalagi um að ítarleg kostnaðaráætlun og framkvæmdaáætlun skuli fylgja með umsókn. Í öðru lagi var bætt við einum mælikvarða frá síðustu úthlutun. Fyrir árið í ár eru fimm mælikvarðar, en í fyrra voru fjórir mælikvarðar. Stjórn telur að með því muni einkunnagiöfin betur endurspegla áherslur stjórnar og auðvelda og bæta gagnsæi. Í þriðja lagi var ákveðið að setja hámark á einstaka styrk þannig að eitt verkefni geti ekki fengið hærri styrk úr sjóðnum en 50 milljónir króna á árinu 2022. Í fjórða lagi var bætt við skýringu á því hvernig útreikningur á styrkfjárhæð fer fram ef samþykktar umsóknir verða hærri en heildarfjárhæð sem er til úthlutunar.

Stjórn samþykkti úthlutunarreglurnar og verða þær kynntar sveitarfélögunum.

5. Matsskjal.

Tekin var ákvörðun um að Álfheiður mundi samræma orðalag í matsskjali þar sem bætt var inn fimmta mælikvarðanum líkt og fram kemur í dagskrálið 3.

Stjórn samþykkti matsskjalið.

6. Starfsreglur stjórnar.

Stjórn samþykkti starfsreglurnar. Engar efnislegar breytingar voru gerðar frá starfsreglum síðasta árs.

7. Umsóknarskjal.

Umsóknarskjal var samþykkt með þeirri breytingu að boðið verður uppá möguleika á að setja inn viðbætur sem viðhengi.

8. Auglýsing eftir umsóknum.

Stjórn samþykkti auglýsinguna með fyrirvara um dagsetningar. Umsóknarfrestur skal vera fimm vikur eftir að auglýst er og stefnir stjórn á að hraða vinnu sinni og afgreiðslu umsókna þegar umsóknarfresti lýkur.

9. Önnur mál.

Ákveðið var að boða til fundar klukkan 13:00 á föstudaginn 11/02 með fulltrúum sveitarfélaganna og senda þeim matsskjal og úthlutunarreglur sem samþykktar voru í stjórn á þessum fundi. Markmið fundarins er að fulltrúar sveitarfélaganna fái tækifæri til að koma með athugasemdir og/eða óska eftir frekari skýringum á úthlutunarreglum og matsskjali.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.

Hallveig Ólafsdóttir ritaði fundargerð.